

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>TIG 133</b> <b>Vorönn 2013</b>	
Útgáfa: 08			
Dags.: 30.08.2011			
Höfundur: HRS			
Samþykkt:SHJ			
Síða 1 af 2			

<b>Kennari</b>	Kristján Þ Kristinsson	<b>Sk.st.</b>	KÞK
----------------	------------------------	---------------	-----

## Áfangalýsing

### TIG 133 TIG-suða

**Undanfari:** HSU 102, 202 **Samhliða:** HSU 302 **Æskileg námsönn:** 6.

Nemendur læra að undirbúa og sjóða TIG-suðu á kol- og kolmangan stáli og ryðfríu stáli svo þeir geti soðið efnisþykktir 1 – 3 mm í plötu með gegnumsuðu frá annarri hlið í suðustöðum PA, PC og PF samkvæmt gæðaflokki C (ÍST EN 25817). Þeir læra að sjóða rör í lárétttri og lóðrétttri stöðu og þekkja notkun bakgasbúnaðar. Ennfremur verða þeir færir um að skipuleggja suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Nemendur geta soðið eftir suðuferlislýsingum.

## Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja:**

- gastegundir og gasblöndur sem notaðar eru við suðu á ryðfríu stáli
- bakgas og bakgasbúnað
- hlutverk hlífðargassins og réttar stillingar þess mismunandi gerðir rafskauta alla hluta suðubyssunnar og leiðara virkni suðutækja
- ljósögum og mismunandi straumferla háspennu og hátfönditækni í TIG-suðuvélum
- aðferðir við hreinsun á yfirborði suðu
- öryggismál:
- öryggisreglur varðandi hreinsiefni
- helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna geislunar, hita, reyks, ósonmyndunar og eldfimra efna hlífðarfatnað og hlífar

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta:**

- stillt suðutækin þannig að henti efni og suðurauf
- valið vír á eigin spýtur m.t.t. efnis og suðuraufar
- stillt gasflæði, valið gashulsa og skaut m.t.t.efnis og straumstyrks
- soðið í suðustöðum PA, PC og PF í plötu
- soðið rör í lárétttri og lóðrétttri stöðu
- soðið eftir suðuferlislýsingum
- mælt og skráð viðeigandi upplýsingar varðandi suðuverkefnið, straumstyrk, raufarstærð og aðrar upplýsingar fyrir suðuferlislýsingar
- sinnt viðhaldi fylgibúnaðar suðuvéla
- uppfyllt reglur um öryggismál

## Námsgögn:

Kennslubók í Tig suðu. Útgefandi Iðan fræðslusetur 2007.

Ljósrit frá kennara.

Fraðslumyndbönd um Tig suðu.

Málmsmíði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>TIG 133</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>Vorönn 2013</b>	
Síða 2 af 2		

## Áætlun um yfirferð:

Vika	Yfirferð og verkefni
2	<b>TIG suða:</b> Sýning á myndbandi frá framleiðanda TIG-suðuvéla, farið yfir stillingar á vélum, hlífðargasi og öryggisþætti.
3 til 5	<b>TIG suða:</b> Nemendur gegnumsjóða 3mm járnplötur öðrumegin frá í suðustöðum: PA - BW, PC – BW og PF – BW. <b>Áfangapróf 1 í áðurnefndum suðustöðum</b>
6 til 8	<b>TIG suða:</b> Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu í l-rauf. Lárétta kverksuðu og utan á horn í ryðfrítt efni 0,8 til 2 mm. <b>Áfangapróf 2 í áðurnefndum suðustöðum</b>
9 til 13	<b>TIG suða:</b> Nemendur sjóða 2"rör járn og ryðfrí í suðustöðum PF og HL-045. <b>Áfangapróf 3 í áðurnefndum suðustöðum</b>
14	<b>TIG suða:</b> Upprifjun á efni annarinnar

## Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Frammistaða á önn	Áfangapróf 1=25% Áfangapróf 1=25% Áfangapróf 1=40% Vinnusemi og umgengni 10%	75%
Verklegt	Verklegt próf í lok áfangans.	25%
Leyfð hjálpargögn í prófi	Öll almenn suðu- og smíðatól.	

### Annað:

- Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áriðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óparfa endurtekningum.
- Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.
- Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísni, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísni. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður **"tuskudagur"** þar sem hver áfangi tekur þátt í að þvífa vélar, tæki og verkstæði.

## Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils